

STJÓRNARTÍÐINDI A 22 – 1995

Nr. 104

662

20. september 1995

FORSETABRÉF

**um að Alþingi skuli koma saman
mánudaginn 2. október 1995.**

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 2. október 1995.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 20. september 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

Nr. 105

10. júlí 1995

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór til útlanda í gær.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 10. júlí 1995.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.